

Alþingi
Erindi nr. P 141/178
komudagur 22.10.2012

Efni: Umsögn - frumvarp til efnalaga - 88. mál

Með tölvubréfi dags, 27. september 2012, sendi umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frumvarp til efnalaga, 88. mál, til umsagnar Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun fagnar því sérstaklega að frumvarp þetta sé komið fram en lengi hefur staðið til að sameina þá tvo lagabálka sem eru í gildi um efnamál og færa ákvæði þeirra til nútímahorfs. Með frumvarpinu er leitast við að efla eftirlit með því að efni og efnablöndur séu meðhöndlaðar af öryggi í þágu almennings og mildi gagnvart umhverfinu. Með því að færa eftirlit frammar í aðfangakeðjuna er höfð í heiðri meginregla umhverfisréttarins um lausn við upptök. Að sama skapi stuðlar frumvarpið að aukinni framleiðendaábyrgð að mati stofnunarinnar sem er í takt við þær áherslubreytingar sem hafa átt sér stað í Evrópu á undanförunum árum. Stofnunin bendir á að í frumvarpinu eru almennar skyldur framleiðenda, innflytjenda o.fl. ábyrgðaraðila skilgreindar sérstaklega í þessu skyni. Stofnunin hefur komið að undirbúningi frumvarpsins með samvinnu við umhverfis- og auðlindaráðuneytið en leggur hér til nokkrar minniháttar breytingar á frumvarpinu til að stuðla að frekari skýrleika.

Um 1. gr.:

Í 1. gr. segir m.a.:

„...og hins vegar að tryggja frjálst flæði á eignum og efnablöndum á markaði“
Umhverfisstofnun telur rétt í þessu sambandi að vísa til meginreglu Samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem kveður á um frjálst flæði á vörum eftir nánari reglum þar um, þ.m.t. um öryggi og umhverfisvernd. Markmiðið þar er því ekki að efni og efnablöndur flæði óheft og frjálst. Tölverðar takmarkanir eru á frjálssu flæði efna og efnablandna. Þannig er oft krafist sérstaks samþykkis frá viðkomandi ríki þegar innflytjendur sækja inn á þarlandan markað sbr. reglur um gagnkvæma viðurkenningu, þrátt fyrir að markaðssetning hafi áður verið heimiluð í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu. Leggur stofnunin til eftirfarandi orðalag:

„að efna skuldbindingar Íslands um frjálst flæði á vörum á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins að því er varðar efni og efnablöndur“

Um 3. gr.:

Lagðar eru til tvær breytingar á skilgreiningum í 3. gr. Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1907/2006, sem innleidd var með reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingar og takmarkanir að því er varðar efni, er framleiðsla efna gerð skráningarskyld. Sú skylda endurspeglast í lögnum og því þarf þessi skilgreining að vera í samræmi við ofangreinda Evrópureglugerð. Sama skýring er lögð til hér og er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1907/2006. Ennfremur er lagt er til að skilgreining á orðinu meðferð verði víkkuð út þannig að vigtun, blöndun og áfylling verði hluti af skýringunni meðferð. Lagt er til að:

14. tl orðist svo:

„Framleiðsla: Það að framleiða efni eða draga út efni í náttúrulegu ástandi sínu.” og

21. tl. orðist svo:

„Meðferð: Hvers konar meðhöndlun svo sem notkun, framleiðsla, vigtun, blöndun, áfylling, flutningur, geymsla og förgun.”

Um 5. gr.:

Í 5. gr. er fjallað um hlutverk Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun telur að með samþykkt frumvarpsins verði mikilvægt skref stigið í eftirliti með efnum hér á landi. Samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið ber Íslandi að innleiða, framkvæma og fylgja eftir samræmdri Evrópulöggjöf um efni. Evrópulöggjöf um efni hefur tekið miklum stakkaskiptum á undanförmum árum og ný löggjöf hefur litið dagsins ljós. Má þar helsta nefna svokallaða REACH löggjöf frá árinu 2006 sem fjallar um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir efna, sem og CLP löggjöfina frá árinu 2008 sem umbýltir algjörlega reglum um merkingar efna og efnablandna á markaði. Eins má nefna nýja löggjöf um snyrtivörur frá árinu 2009, nýja löggjöf um plöntuvarnarefni sem er líka frá árinu 2009 og nýja löggjöf um sæfiefni sem sett var fyrr á þessu ári (2012). REACH löggjöfin var innleidd hér á landi árið 2008 og unnið er að innleiðingu CLP löggjafarinnar í íslenskan rétt með reglugerð sem taka mun gildi þann 29. október næstkomandi. Verið er að vinna að undirbúningi á innleiðingu á nýjum reglugerðum um snyrtivörur, sæfiefni og plöntuvarnarefni og er samþykkt frumvarpsins mikilvæg undirstaða þeirrar vinnu. Mikil vinna hefur farið fram hjá Umhverfisstofnun við greiningu og framkvæmd ofangreindar löggjafar á síðustu árum. Auk þess hefur stofnunin leiðbeint fyrirtækjum um ýmsa þætti er varða efnalöggjöfina eins og t.d. skráningu efna, samantekt öryggisblaða, merkingar og kröfur um markaðsleyfi varnarefna. Stofnunin hefur tekið þátt í vinnufundum í Brussel, norrænum fundum og vinnu sem fram fer hjá Efnastofnun Evrópu. Hér má einnig nefna að stofnunin hefur til dæmis tekið þátt í samevrópskum eftirlitsverkefnum með REACH reglugerðinni. Sérþekking á efnum og framkvæmd þessarar löggjafar hefur því byggst upp innan Umhverfisstofnunar og lítur stofnunin svo á að flutningur eftirlits til stofnunarinnar sé eðlilegt framhald af þeirri þekkingaruppbyggingu. Stofnunin telur að ekki sé skynsamlegt né hagkvæmt til lengri tíma litið að eftirlit með svo ítarlegri og flókinni löggjöf sé skipt niður á 11 embætti (10 heilbrigðiseftirlitssvæði og Umhverfisstofnun) enda kallar það á mikla menntun og fræðslu fyrir heilbrigðisfulltrúa á 10 svæðum sem í mörgum tilfellum sinna efnaeftirliti í mjög litlu starfshlutfalli. Unnið er að hugmyndum um útfærslu á nýjum hlutverkum stofnunarinnar samkvæmt frumvarpinu.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að eftirlitið verði fært ofar í aðfangakeðjuna til að uppfylla kröfur Evrópulöggjafarinnar um að eftirlitið beinist að þeim sem bera ábyrgð á framleiðslu og markaðssetningu. Hér má nefna kröfur til efna og efnablandna sem gerðar eru samkvæmt lögum s.s. rétt flokkun og merking, markaðsleyfi, notkun í samræmi við öryggisblöð, auglýsingar og fleira. Umhverfisstofnun lítur svo á að með þessari aðferð verði framleiðendaábyrgð styrkt og minni þörf verði á eftirliti hjá smásölum út um landið. Þessari aðferð er beitt í nágrannalöndum okkar, t.d. í Danmörku þar sem allt eftirlit með efnum er á einum stað, hjá Miljöstyrelsen í Danmörku. Þar er sú stefna lögð í eftirliti með efnavörum á markaði að hafa eftirlit með birgjum enda eru það þeir sem fyrst og síðast bera ábyrgð á að vara sem þeir markaðsetja uppfylli kröfur sem settar eru í lögum og reglugerðum. Það eftirlit sem fer fram í verslunum er fyrst og fremst svokallað „stikkprufueftirlit“ þar sem nokkrar vörur eru teknar úr búðum og þær skoðaðar. Ef varan uppfyllir ekki kröfur er haft samband við birgja og hann látinn taka ábyrgð á því að varan uppfylli kröfur. Þessi nálgun er í takt við þá hugmyndafræði sem sett hefur verið til grundvallar í nýrri efnalöggjöf frá Evrópusambandinu sem setur auknar kröfur á framleiðendur og innflytjendur á að meta sjálfir

þau efni sem þeir framleiða eða flytja inn og bera ábyrgð á varan standist kröfur.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að lagðar verði á stjórnsýslusektir við brot á ákvæðum laganna og telur Umhverfisstofnun þær til þess fallnar að hægt verði að byggja upp markað hér á landi þar sem fyrirtæki fái sjálf að bera þá ábyrgð að þeirra vörur uppfylli skilyrði laganna. Verði þau hins vegar uppvís um að brjóta lögin hvort sem er af gáleysi eða ásetningi þá sé hægt að beita viðurlögum umsvifalaust ("high trust, high penalty"). Telur stofnunin að þessi ákvæði muni einnig koma til með að stuðla að því að hér á landi ríki traust gagnvart markaði með efni og efnablöndur.

Markaður með efni og efnablöndur er afar smár á Íslandi og íslensk stjórnsýsla er einnig afar smá í samanburði við stjórnsýslu samstarfsríkjanna á Evrópska efnahagssvæðinu. Ísland þarf þó að uppfylla sömu kröfur og gerðar eru hjá stórbjóðum á meginlandi Evrópu varðandi öryggi efnavara og frelsis til viðskipta með þær. Eins og áður hefur komið fram er Evrópulöggjöfin umfangsmikil og flókin og markmið hennar er að framkvæmdin sé fyllilega samræmd. Leiðarljósið er að allir neytendur á Evrópska efnahagssvæðinu eigi sama rétt og að samkeppnisskilyrði við markaðssetningu á vörum sé alls staðar eins. Áherslumunur, í stjórnsýslu og eftirliti með efnavörum, á grundvelli staðbundinna sjónarmiða, gengur því gegn markmiðum löggjafarinnar.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir þau hlutverk sem henni er falið skv. frumvarpinu og telur stofnunin til mikilla bóta að hlutverkin séu skýrð með þessum hætti. Umhverfisstofnun hefur hins vegar minniháttar athugasemdir við útfærslu verkefna og telur þörf á að skerpa á tilteknum atriðum. Því leggur stofnunin til eftirfarandi breytingar á 5. gr.:

Í ljósi umfjöllunar hér að framan og að frumvarpið gerir ráð fyrir því að eftirlit með löggjöfinni verði að mestu leyti á einni hendi, þ.e. Umhverfisstofnunar, þá leggur stofnunin til að horfið verði frá því að lögbinda fræðslu- og samræmingarhlutverk stofnunarinnar. Er því lagt til að tölulíður 4 verði felldur út. Krafa um fræðslu til almennings er til staðar í 1. tl. og í tl. 17 kemur fram sú skylda að Umhverfisstofnun skuli upplýsa viðeigandi stofnanir og stjórnvöld um þætti sem falla undir lög þessi og þau gætu þurft á að halda til að sinna eftirliti sínu. Stofnunin telur að þessi hlutverk séu nægjanlega skýr og komi í raun í stað 4. tl. Með þessum breytingum verður einnig hlutverk Umhverfisstofnunar enn skýrara. Ennfremur leggur stofnunin til að tl. 2 og 6 verði sameinaðir í nýjan lið 2 sem svohljóðandi:

„Hafa eftirlit með framleiðslu, meðferð og markaðssetningu efna, efnablandna og hluta sem falla undir lög þessi með samræmdum hætti um land allt.“

Telur stofnunin að um sé að ræða vissa tvítekningu sem hægt er að sameina í einn málslið.

Einnig er lagt að orðalag verði gert skýrara um það hver ber ábyrgð á að veita Umhverfisstofnun upplýsingar um innflutning tiltekinna efna og efnablandna sem er forsenda fyrir tollafgreiðslu, sjá nánar umfjöllun um 19. grein. Lagt er til að 14. tl. verði umorðaður á eftirfarandi hátt:

„14. taka á móti upplýsingum um innflutning frá innflutningsaðilum sem gefnar eru áður en tiltekin efni og efnablöndur eru tollafgreidd.“

Um. 6. gr.:

Í 6. gr. er fjallað um hlutverk heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Í 2. tl. er fjallað um eftirlit heilbrigðisnefnda með meðferð, notkun og merkingum efna í starfsleyfisskyldri starfsemi. Umhverfisstofnun telur að bæta þurfi við ákvæðið setningu um að Umhverfisstofnun verði upplýst um niðurstöður eftirlits ef um er að ræða brot við lögum þessum. Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir að upplýsingum verði hægt að skila með rafrænum hætti í gegnum vefgátt sem stofnunin hefur sett upp í samvinnu við sérfræðinga á vegum heilbrigðisnefnda sveitarfélaga og hefur verið notuð með ágætum árangri s.l. tvö ár.

Verði frumvarpið að lögum verður til staðar sá möguleiki að Umhverfisstofnun geri samning við einstaka heilbrigðisnefndir eða þær allar um að taka að sér verkefni samkvæmt eftirlitsáætlun. Umhverfisstofnun telur þetta mikilvægt þar sem á eftirlitsáætlun gætu verið verkefni þar sem áhersla væri á eftirlit með merkingum vara í verslunum og því gæti verið kostur að nýta til þess heilbrigðisfulltrúa út um landið. Við slíkt framsal myndu leiðbeiningar um framkvæmd fylgja með. Einnig sér Umhverfisstofnun fyrir sér að hægt væri að semja við heilbrigðisnefndir um að heilbrigðisfulltrúar færu í verslanir og tækju þrúfur sem Umhverfisstofnun gæti svo metið eða sent til rannsókna. Umhverfisstofnun leggur til að minniháttar orðalagsbreytingar verði gerðar á 2. g 4. tl til að auka skýrleika og að hlutverk heilbrigðisnefnda verði orðað svo:

„2. tl. hafa eftirlit með meðferð, notkun og merkingum efna í starfsleyfisskyldri starfsemi sem heyrir undir þau starfsleyfi sem nefndin gefur út á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og upplýsa Umhverfisstofnun um niðurstöður þess.“

...

„4. tl. skila upplýsingum um niðurstöður eftirlits sem falla undir lög þessi til Umhverfisstofnunar á þeim tíma og á þann hátt sem stofnunin ákveður.“

Um 8. gr.:

Í 8. gr. er fjallað um hlutverk Tollstjóra. Þar sem frumvarpið gerir ekki ráð fyrir sérstökum innflutningsleyfum er lagt til að 2. tl. orðist svo:

„2. stöðva innflutning á tilteknum eiturefnum og tilteknum varnarefnum sem hafa ekki markaðsleyfi, sbr. 26. og 34. gr.“

Um 10. gr.:

Í 10. gr. eru tilgreindar reglugerðarheimildir. Umhverfisstofnun leggur til að við 3. tl. verði bætt i-lið sem orðist svo:

„i. samþykki virkra efna, samverkandi efna, hjálparefna og eiturdeyfandi efna sem notuð eru í varnarefnum.“

Umhverfisstofnun leggur enn fremur til að 11. tl. orðist svo:

„11. Bann og takmarkanir á framleiðslu, markaðssetningu, útflutningi og notkun tiltekinna efna, hvort heldur þau eru hrein, í efnablöndum eða í hlutum sbr. 25. grein.“

Loks leggur stofnunin til að 15. liður orðist svo:

„15. Notendaleyfi vegna varnarefna, sbr. 46. gr., þ.m.t. um námsefni um meðferð varnarefna,

sem skal m.a. fjalla um helstu lög og reglugerðir, plöntuvarnarefni, sæfiefni, vinnuvernd, meindýr, meindýravarnir og dýravernd, próf og kröfur til þeirra sem halda námskeið og próf.“

Í báðum ofangreindum tilvikum er lagt til að orðalag í reglugerðarheimild verði fært til hliðsjónar við það sem segir í sambærilegum greinum frumvarpsins. Reglugerðarheimild ráðherra um takmörkun tiltekinna efna má ekki takmarka við ákveðna vöruflokka eins og gert er í núverandi frumvarpi.

Ný grein, 10. gr.

Umhverfisstofnun leggur til að sett verði ný grein, 10. gr. þar sem hlutverk Eitrunarmiðstöðvar Landspítala er útfært. Umhverfisstofnun leggur til að greinin orðist svo:

„Hlutverk Eitrunarmiðstöðvar er að:

1. taka við upplýsingum frá innflytjanda, framleiðanda eða öðrum sem ber ábyrgð á markaðssetningu eiturefnis eða varnarefnis á Íslandi, um efnasamsetningu og eiturhrif efnisins sbr. 23. og 34. grein
2. taka við upplýsingum frá innflytjanda, framleiðanda eða öðrum sem ber ábyrgð á innflutningi hættuflokkaðrar efnablöndu, um efnasamsetningu blandna sem eru settar á markað og flokkast sem hættulegar á grundvelli þeirra áhrifa sem þær hafa á heilbrigði eða eðlisfræðilegra áhrifa þeirra.“

Umhverfisstofnun telur að útfæra þurfi hlutverk Eiturefnamiðstöðvar Landspítala og þá skyldu hennar að taka við ákveðnum upplýsingum um efnasamsetningu og eiturhrif efna og efnablandna sem sett eru á markað. Er þetta lagt til til þess að tryggja að hægt sé að uppfylla lækisfræðilegar kröfur um ráðstafanir til forvarna og lækninga í neyðartilvikum og er sett til að innleiða ákvæði í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1272/2008. Þar er gerð krafa um að safnað sé saman á einum stað í hverju ríki upplýsingum um efnasamsetningu og áhrif hættuflokkaðra efna og efnablandna sem eru á markaði í hverju ríki fyrir sig til að auðvelda neyðarráðstafanir.

Bent skal á að þær athugasemdir sem hér fara á eftir miða við greinar frumvarpsins eins og þær eru nú númeraðar þrátt fyrir framangreinda tillögu um nýtt ákvæði.

Um 19. gr.:

Lagt er til að 19. grein orðist svo:

„Áður en til tollafgreiðslu tiltekinna efna og efnablandna kemur skal innflytjandi gera Umhverfisstofnun grein fyrir magni þeirra á þar til gerðum eyðublöðum. Ráðherra skal setja í reglugerð sbr. 11. gr. nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.“

Við tollafgreiðslu vöru er ekki um það að ræða að fylla þurfi út eyðublað áður en að varan fæst afgreidd út úr tolli. Ef það á að ganga upp þarf að vera búið að ganga frá tilkynningu á þar til gerðu eyðublaði áður en kemur að tollafgreiðslu. Umhverfisstofnun telur rétt að gerð sé grein fyrir hlutverki Tollstjóra í 8. gr. en ekki 19. gr. um tollafgreiðslu því upplýsingarnar um fyrirhugaðan innflutning þurfa að liggja fyrir áður en kemur að innflutningi en ekki við sjálfan innflutninginn. Þetta má sjá í umsögn frá Tollstjóraembættinu til umhverfis- og auðlindaráðuneytis um frumvarpsdrögin. Samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar er ástæðan fyrir þessu takmarkanir sem eru á tölvukerfi tollstjóra sem er komið til ára sinna. Verið er að vinna við að innleiða nýtt kerfi og hefur sú vinna verið háð styrkjum frá ESB. Í athugasemd frá fjármálaráðuneytinu við frumvarpið kemur fram að gert er ráð fyrir 5

milljónum til uppfærslu á tölvukerfi tollstjóra. Sú vinna mun hins vegar taka nokkur ár í viðbót.

Um 20.-23. gr.:

Varðandi 20.-23. grein þá telur Umhverfisstofnun að orðinu „eiturefna“ sé ofaukið í 1. ml. 2. mgr. 20. gr. Einnig virðist hafa orðið viðsnúningur á orðaröð í lokamálgrein 22. gr. þar sem segir: „...hluti í efnunum...“ tvisvar í sama málslið. Lagt er til að þetta verði leiðrétt með því að segja þess í stað: „efni í hlutum“ Lagt er til að orðinu „eiturefni“ verði bætt inn í 5. ml. 1. mgr. 23. gr. þar sem reglunni er ætlað að gilda bæði um eiturefni og varnarefni.

Um 29. gr.:

Lagt er til að nýrri málgrein verði bætt við 29. gr. á eftir 1. mgr., svohljóðandi:

„Öryggisblöð skulu vera á íslensku. Heimilt er að afhenda öryggisblöð með efni eða efnablöndu á ensku, dönsku, norsku eða sænsku til viðtakenda efna sem stunda rannsóknir og þróun enda sé um að ræða afmarkaðan hóp manna sem með sanngirni má ætlast til að skilji annað erlent mál vegna menntunar eða annarrar sérhæfingar. Heimild þessi gildir þó einungis ef magn efnis eða efnablöndu sem er afhent er minna en 1 kg á ári á hvern viðtakanda.“

Einnig er lagt til að nýr málsliður bætist við 3. gr. sem verður 4. gr. ef framangreind tillaga verður samþykkt. Lagt er til að málsliðurinn hljóði svo:

„Upplýsingar úr öryggisskýrslum um örugga notkun skulu, þegar við á, fylgja í viðauka við öryggisblað. Heimilt er að birta upplýsingar úr öryggisskýrslum á ensku.“

Um 30. gr.:

Í 30. grein leggur Umhverfisstofnun til að sett verði inn ákvæði um hlutverk Eitrunarmiðstöðvar Landsspítala sbr. athugasemd hér að ofan um nýja 11. grein. Sömu ástæður liggja hér til grundvallar.

Lagt er til að ný 5. mgr. orðist svo:

„Innflytjendur og eftirnotendur sem markaðssetja efnablöndur skulu upplýsa Eitrunarmiðstöð Landspítala um efnasamsetningu blandna sem eru settar á markað og flokkast sem hættulegar á grundvelli þeirra áhrifa sem þær hafa á heilbrigði eða eðlisfræðilegra áhrifa þeirra.“

Um 34. gr.:

Í 34. gr. er í síðustu málgrein nefnt leyfi til markaðssetningar, ekkert slíkt leyfi er tilgreint í frumvarpinu. Umrætt leyfi er ekki það sama og markaðsleyfi sem er skilgreint sérstaklega í 19. Tl. 3. gr. frumvarpsins. Því leggur Umhverfisstofnun til að síðasta málgrein 34. gr. orðist svo:

„Ráðherra skal í reglugerð sbr. 11. gr. takmarka notkun tiltekinna varnarefna við þá sem hafa notendaleyfi og sölu tiltekinna varnarefna við þá sem hafa tilkynnt um markaðssetningu slíkra efna, sbr. 23. gr.“

Um 35. gr.:

Umhverfisstofnun leggur til að 35. gr. orðist svo:

„Umhverfisstofnun getur veitt leyfi til samhliða markaðssetningar á varnarefni sem hefur fengið markaðsleyfi í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu. Leyfið er háð því að varnarefnið uppfylli viðmið sem sett eru í reglugerð þannig að það sé að öllu leyti sambærilegt við varnarefni sem þegar hefur fengið markaðsleyfi á Íslandi, sbr. 34. gr. Ráðherra setur í reglugerð, sbr. 11. gr., nánari ákvæði um veitingu leyfis til samhliða innflutnings, viðmið, sbr. 1. ml., og kröfur til umsókna um samhliða innflutning.

Hér er orðalagi breytt lítillega til að auka skýrleika greinarinnar. Umhverfisstofnun telur að það að nota orðið *auðkenni* sé óskýrt og ofangreint orðalag sé betra.

Um 39. gr.:

Varðandi 39. gr. þá er lagt er til að í stað orðsins „fengið“ í 2. mgr. komi orðið „staðist“ til að krafan sé skýr. Markaðssetning snyrtivöru ætti að vera háð því að varan standist öryggismat.

Um 44. gr.:

Varðandi 44. grein þá leggur Umhverfisstofnun til, að til að koma í veg fyrir að einstaklingar geti keypt eiturefni ótakmarkað þá verði sett inn eftirfarandi aukasetning í lok 3. málslíðar:

„svo sem um hámarks magn sem einstaklingur má kaupa af eiturefnum.“

Umhverfisstofnun telur þó að rökin fyrir því að taka út svokallaðar eiturbeiðnir sem voru í lögum nr. 52/1988 sem einstaklingar þurfa að fylla út séu ekki fyllilega skýr og skoða þurfi hvort ástæða sé til að viðhalda því kerfi. Þó telur stofnunin að ofangreind ákvæði sem og ábyrgð þeirra sem markaðssetja efni, sbr. 3. mgr. 23. gr. og 2. mgr. 44. gr. um sölu þeirra til einstaklinga, ætti að vera næg vernd gegn misnotkun sbr. og kröfur um upplýsingar sem þeim er skylt að gefa sem tekur við eiturefnum um fyrirhugaða notkun þeirra í 1. mgr. 44. gr. Vill Umhverfisstofnun vekja athygli á þessum tveimur mismunandi leiðum til þess að gætt sé að vernd almennings þegar eiturefni eru afhent einstaklingum sem hafa ekki sérhæfingu í meðferð þeirra.

Um 46. gr.:

Lagt er til að 1. mgr. 2. ml. 46. gr. orðist svo:

„Þeir sem nota sæfiefni til eyðingar meindýra skulu hafa notendaleyfi til meindýraeyðingar og þeir sem nota plöntuvarnarefni skulu hafa notendaleyfi í landbúnaði eða garðyrkju.“

Einnig er lagt til að orðin: „þá hættuflokka sem leyfið nær til“ verði felld út úr 3. ml. 3. mgr. ákvæðisins. Orðalagsbreytingarnar eru gerðar til samræmis við aðra orðanotkun í frumvarpinu.

Um 48. gr.:

Umhverfisstofnun leggur til að 2. ml. í 48. grein orðist svo:

„Í því felst meðal annars heimild til sýna- og myndatöku, að fá afhent eintak af vöru til nánari

skoðunar, svo og skoðunar og ljósritunar gagna.“

Einnig leggur stofnunin til að nýrri 4. mgr. verði bætt við sem orðist svo:

„Umhverfisstofnun er heimilt að senda fulltrúa í sínu umboði til að sækja vörueintök eða sýni til skoðunar og eftirlits, enda sé slíkt í samræmi við samþykktu eftirlitsáætlun stofnunarinnar.“

Ástæðan fyrir þessum tillögum er að stofnunin telur til bóta að stofnuninni verði veittar skýrari heimildir til að taka sýnishorn af vörum úr verslunum eða hjá birgjum til nánari skoðunar. Er gert ráð fyrir því í tillögunni að stofnuninni sé heimilt að framselja heimildir sínar með umboði til annara aðila. Dæmi um þetta gæti verið ef að stofnunin vildi taka stikkprufur samtímis úr nokkrum verslunum t.d. til að kanna hvort innihaldsefni í vörum séu skráð eða hvort varan er rétt flokkuð eða merkt. Þá gæti stofnunin samið t.d. við heilbrigðisnefndir um að taka sýnishorn af vörum sem stofnunin fengi svo til skoðunar.

Um XIII. kafla um þvingunarúrræði:

Umhverfisstofnun telur rétt að tekið verði til athugunar að bætt verði inn ákvæðum um heimildir til að banna notkun efnis eða efnablöndi sem og að stöðva starfsemi eða notkun. Mætti m.a. hafa til hliðsjónar ákvæði 30. og 30.c í lögum nr. 93/1995 um matvæli, og eftir atvikum 29. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Um ákvæði til bráðabirgða:

Um ákvæði til bráðabirgða þá telur Umhverfisstofnun ekki þörf á ákvæði 1.d og telur að það megi fella á brott úr frumvarpinu þar sem stofnunin telur að það eigi ekki lengur við.

Umhverfisstofnun leggur til að ákvæði til bráðabirgða II. orðist svo:

„Skráningar varnarefna, samkvæmt ákvæðum laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, og reglugerðar nr. 50/1984, um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, falla úr gildi við gildistöku laga þessara.

Aðilar, sem eru með gilda skráningu varnarefna, sbr. *Yfirlit yfir plöntulyf, örgresisefni (illgresiseyða), stýrieefni og útrýmingarefni, er flytja má til landsins, selja eða nota, sbr. 3. og 4. gr. reglugerðar nr. 50/1984, og skrá yfir framleiðendur og umboðsmenn, ásamt samheitaskrá (frá 7. apríl 2003, með síðari breytingum)* við gildistöku laga þessara, geta innan árs frá gildistöku laga þessara sótt um skráningu á varnarefni til Umhverfisstofnunar sem heimilar þeim að flytja til landsins, selja eða nota viðkomandi varnarefni.

Umhverfisstofnun skal skrá varnarefnið og er sú skráning tímabundin. Umhverfisstofnun er heimilt við skráningu varnarefnis að takmarka notkun varnarefnisins við notkun í atvinnuskyni. Tímabundin skráning Umhverfisstofnunar gildir þar til:

a. virka efnið í vörunni hefur verið áhættumetið í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur í samræmi við ákvæði 10. gr. og markaðsleyfi fyrir hana veitt í samræmi við ákvæði 34. gr., en þó eigi lengur en til 31. desember 2021 eða

b. virka efnið í vörunni verður bannað á Íslandi með reglugerð sem ráðherra setur í samræmi við ákvæði 10. gr., en þó eigi lengur en til 1. janúar 2017.

Umhverfisstofnun skal tilkynna aðila um þegar tímabundin skráning fellur úr gildi.“

Ákvæði þetta er sett inn til að setja upp aðlögunartímabil á milli reglugerðar 50/1984 og reglugerðar 1107/2009/EB sem innleidd verður á árinu 2013. Ástæða fyrir því að setja þarf upp slíkt aðlögunartímabil er sú að tryggja þarf að nauðsynleg plöntuvarnarefni séu fáanleg á markaði hér við upptöku á reglugerð EB nr. 1107/2009. Þannig munu núgildandi skráningar hér á landi gildi áfram fyrir þau plöntuvarnarefni sem innihalda virk efni sem á sínum tíma voru samþykkt á grundvelli tilskipunar 91/414/EBE sem ekki var innleidd í íslenskan rétt þar

sem fyrirbyggjandi reglugerð frá 1984 þótti amk. veita jafn góða vernd á þeim tíma.

Varðandi III. ákvæði til bráðabirgða telur Umhverfisstofnun að tímaramminn sem gefin er upp of skammur og leggur til að það verði framlengt til 1. júlí 2014, til að gefa færi á að klára vinnu vegna námskeiða og vottunar.

Athugasemd við greinargerð:

Í greinargerð um 15. gr. segir í 4.-5. m.l.:

„Í þessu sambandi er vert að benda á að vigtun, blöndun, áfylling, þynning og pökkun efna og efnablandna í söluhæf ílát og umbúðir, þ.m.t. umpökkun og umhelling, telst til framleiðslu. Þannig þurfa þeir sem sjá um þessa verkþætti að uppfylla öll þau skilyrði sem framleiðendur þurfa að uppfylla.“

Hér hefur orðið misskilningur varðandi skilgreiningu á framleiðslu sbr. einnig ábendingu stofnunarinnar hér að framan og tillögu að nýrri skilgreiningu á hugtakinu framleiðslu sem á rót sína í svokallaðri REACH reglugerð. Umhverfisstofnun leggur til að þetta verði leiðrétt á eftirfarandi hátt:

„Sá sem markaðssetur hættuleg efni og varnarefni ber ábyrgð á framangreindu.“

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústs dóttir
sviðsstjóri



Sigríður Kristjáns dóttir
deildarstjóri